

## REGLUR

### um skipulagskröfur verðbréfafyrirtækja og upplýsingagjöf vegna virks eignarhlutar.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um nánari framkvæmd laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga hvað varðar:

- a. Skipulagskröfur verðbréfafyrirtækja sem leggja stund á viðskipti með notkun algríms, skv. 25. og 27. gr. laganna.
- b. Tæmandi lista yfir upplýsingar sem fyrirhugaðir eigendur láta fylgja með í tilkynningu um fyrirhuguð kaup á virkum eignarhlut í verðbréfafyrirtæki, skv. 12. gr. laganna.

#### 2. gr.

##### *Tilvísanir.*

*Áætlun um viðskiptavakt:* Tilvísanir í reglum þessum til áætlunar um viðskiptavakt skv. 17. og 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til áætlunar um viðskiptavakt skv. 26. og 84. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

*Heildarhlítini við 17. gr. MiFID II:* Tilvísanir í reglum þessum til heildarhlítini við 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til hlítini við 25.- 27. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

*Kröfur skv. 5. mgr. 17. gr. MiFID II:* Tilvísanir í reglum þessum til krafna í samræmi við 5. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til hlítini við 27. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

*Pöruð miðlaraviðskipti:* Tilvísanir í reglum þessum til paraðra miðlaraviðskipta (e. matched principal basis), sbr. 38. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, skal skilja sem tilvísun til jafnaðra eigin viðskipta skv. 27. tölulið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

*Samningur skv. 6. mgr. 17. gr. MiFID II:* Tilvísanir í reglum þessum til samnings sem um getur í 6. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til samnings skv. 25. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

*Starfsleyfi fyrir eignastýringu:* Tilvísanir í reglum þessum til starfsleyfis til að veita fjárfestingarþjónustuna „eignastýring“, sem um getur í 4. lið þáttar A í I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB skal skilja sem tilvísanir til eignastýringar skv. d-lið 15. töluliðar 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

*Verðbréfafyrirtæki skv. MiFID II:* Tilvísanir í reglum þessum til verðbréfafyrirtækis samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til verðbréfafyrirtækis samkvæmt lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

*Viðskipti fyrir eigin reikning eða sölutrygging:* Tilvísanir í reglum þessum til starfsemi sem felur í sér „viðskipti fyrir eigin reikning“ eða „sölutryggingu í tengslum við útgáfu fjármálagerninga og/eða útboð fjármálagerninga“, sem um getur í 3. og 6. lið þáttar A í I. viðauka tilskipunar 2004/39/EB skal skilja sem tilvísanir til c- og f-liða 15. töluliðar 1. mgr. 4. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

#### 3. gr.

##### *Innleiðing reglugerða.*

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi eftirfarandi reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) sem birtar eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 72 frá 11. nóvember 2021, bls. 216-247 og 261-272, með þeim aðlögunum sem leiða af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 88 frá 31. október 2019 bls. 7-19, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest:

1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/589 frá 19. júlí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina skipulagskröfur verðbréfafyrirtækja sem leggja stund á viðskipti með notkun algríms.
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1946 frá 11. júlí 2017 um viðbætur við tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB og 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um tæmandi lista yfir upplýsingar sem fyrirhugaðir eigendur láta fylgja með í tilkynningu um fyrirhuguð kaup á virkum eignarhlut í verðbréfafyrirtæki.

4. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 7. mgr. 12. gr., 8. mgr. 25. gr. og 6. mgr. 27. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, taka gildi þegar í stað.

*Seðlabanka Íslands, 10. desember 2021.*

**Ásgeir Jónsson**  
seðlabankastjóri.

**Rannveig Júníusdóttir**  
framkvæmdastjóri.